



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 8. mars 2019 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 08.30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá :

#### 1. Skýrsla skólastjóra

Vera Ósk Valgarðsdóttir skólastjóri Höfðaskóla og Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri, mættu á fundinn og reifuðu helstu atriði í skólastarfi. Rætt var um stöðu mála, nemendafjölda og starfsmannahald, en m.a. liggur fyrir að ráða nýjan skólastjóra vegna næsta skólaárs. Þá var rætt um kennslufyrirkomulag, stefnur og markmið sem og tillögur um framvindu skólans og aðbúnað. Skýrslan var flutt munnlega, til kynningar.

#### 2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri greindi frá stöðu framkvæmda og almennum störfum. Skýrslan var flutt munnlega, til kynningar.

#### 3. Efling fyrirtækja og frumkvöðla

Fyrir fundinum lá tillaga ráðgjafafyrirtækisins Átta varðandi fyrirhugað átaksverkefni í atvinnumálum á Skagaströnd. Sveitarstjóri gerði grein fyrir tillögunni og umræður urðu um málið. Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna áfram með fyrirbyggjandi tillögu í ljósi umræðu á fundinum og gera drög að samningi í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið sem lagður verður fyrir sveitarstjórn.

#### 4. Erindi Golfklúbbs Skagastrandar

Fyrir fundinum lá erindi Golfklúbbs Skagastrandar þar sem óskað er eftir styrk til þess að endurnýja nauðsynlegan tækjakost með hækkun á framlagi til klúbbsins. Jafnframt óskar klúbburinn eftir því að tekið verði til umræðu hvort að forsendur séu fyrir því að sveitarfélagið kaupi bæði land og fasteignir golfklúbbsins. Málin voru tekin til umræðu og var sveitarstjóra falið að gera drög að útfærslu á fyrrgreindri styrkbeiðni og hugsanlegum kaupum, í samráði við formann golfklúbbsins.



## 5. Erindi Sóknarnefndar Hólaneskirkju

Fyrir fundinum lá erindi Sóknarnefndar Hólaneskirkju þar sem óskað er eftir styrk til þess greiða eftirstöðvar kostnaðar við fornleifakannanir sem framkvæmdar voru í ágúst og október 2018 í landi Spákonufells á Skagaströnd. Þá var enn fremur óskað eftir því að því að sveitarfélagið hafi framgöngu um að sinna frekari fornleifarannsóknum á svæðinu. Sveitarstjórn tók jákvætt í erindi Sóknarnefndarinnar en þar sem ofangreind beiðni rúmast ekki innan gildandi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var erindinu vísað til afgreiðslu næsta fundar þar sem útfærsla og fjármögnun kemur fram með gerð viðauka. Sveitarstjóra var einnig falið að kanna umfang og framkvæmd á frekari fornleifarannsóknum í sveitarfélaginu.

## 6. Umsögn um rekstrar- og gistileyfi

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar nr. 1277/2016, sama efnis. Erindið var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 28. nóvember 2018.

### a) Skagahús ehf.

Umsækjandi er Gunnar Ingibergsson kt. 2712-54-3859, fh. Skagahúsa kt. 41117-1540 Gististaðurinn er í flokki III skv. 3. gr. laga nr. 85/2007. Tegund gististaðar: frístundahús. Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn: Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að orðið verði við umsögninni.

## 7. Bréf

### a. Íbúðalánasjóðs, dags. 1. febrúar 2019

Með bréfinu er tilkynnt að skv. reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018 sem tók gildi þann 21. desember sl. sé m.a. kveðið á um að öll sveitarfélög skuli gera húsnæðisáætlanir til fjögurra ára í senn og þær uppfærðar árlega með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar milli ára.

Bréfið var til kynningar

### b. Öldu félags um sjálfbærni og lýðræði, dags. 17. janúar 2019

Með bréfinu er kynntur áhugi félagsins Öldu til að koma að máli við sveitarstjórnarfólk um styttingu vinnuviku og eflingu lýðræðisins og bjóða fram aðstoð og þjónustu í tengslum við málefnið.

Bréfið var til kynningar



**c. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar, dags. 28. febrúar 2019**

Með bréfinu er boðið að senda umsókn um þátttöku í íbúasamráðsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar. Umsóknarfrestur er til 1. maí 2019.

Bréfið var til kynningar

**d. Öryrkjabandalags Íslands, dags. 12. febrúar 2019**

Með bréfinu er send fyrirspurn varðandi notendaráð fatlaðs fólks. Sveitarstjórn vísar erindinu til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem fer með málefni fatlaðs fólks fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar.

**8. Fundargerðir**

**a) Atvinnu- og ferðamálanefndar, 27.02.19**

Fundargerðin var til kynningar.

**b) Tómtunda- og menningamálanefndar, 23.01.19**

Fundargerðin var til kynningar.

**c) Tómtunda- og menningarmálanefndar, 19.02.19**

Fundargerðin var til kynningar.

**d) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 9.11.18**

Fundargerðin var til kynningar.

**e) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 17.12.18**

Fundargerðin var til kynningar.

**f) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 20.11.18**

Fundargerðin var til kynningar.

**g) Þjónusturáðs – þjónusta við fatlað fólk á Nv, 19.02.2019**

**i. Rekstraryfirlit 2018**

**ii. Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs til málaflokksins 2019**

**iii. Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga v. málefna fatlaðs fólks á Nv. 2018**

Fundargerð og gögn voru til kynningar.

**h) Stjórnar SSNV, 05.02.19.**

Fundargerðin var til kynningar.




- i) Stjórnar SSNV, 05.03.19.**  
Fundargerðin var til kynningar.
- j) Framkvæmdaráðs um sameiningu sveitarfélaga, 25.10.18**  
Fundargerðin var til kynningar.
- k) Framkvæmdaráðs um sameiningu sveitarfélaga, 07.11.18**  
Fundargerðin var til kynningar.
- l) Framkvæmdaráðs um sameiningu sveitarfélaga, 07.01.19**  
Fundargerðin var til kynningar.
- m) Sameiningarnefndar A-Hún, 04.02.19**
  - i. Drög að málefnasamningi**  
Fundargerð og gögn voru til kynningar.
- n) Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25.01.19**  
Fundargerðin var til kynningar.
- o) Sambands íslenskra sveitarfélaga, 22.02.19**  
Fundargerðin var til kynningar.
- p) Samgöngu- og innviðanefndar SSNV, 10.01.19**  
Fundargerðin var til kynningar.
- q) Samgöngu- og innviðanefndar SSNV, 24.01.19**  
Fundargerðin var til kynningar.
- r) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 28.01.19**  
Fundargerðin var til kynningar.
- s) Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 18.01.19**  
Fundargerðin var til kynningar.
- t) Stjórnar Hafnarsambandsins Íslands, 15.02.19**  
Fundargerðin var til kynningar.

## 9. Önnur mál

Almennar umræður um samfélagsmál á Skagaströnd.



Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:50

  
Halldór G. Ólafsson

  
Röbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir  


  
Péturína L. Jakobsdóttir

  
Guðmundur E. Erlendsson

Alexandra Jóhannesdóttir  
